Sá, sem ekki vill, þegar hann fær ...

Sá, sem ekki vill, þegar hann fær...

E.H. Dal í Miklaholtshreppi — Hér um sveitir hefur ríkt mikil veðurblíða svo mánuðum skiptir, stillur og hlýindi miðað við árstíma. Snjór hefur enginn fallið, svo teljandi sé, það sem af er vetri og jörð því alauð. Það hefur aftur valdið því að í frostakafla í janúar fór klaki alldjúpt í jörð. Var þó aldrei um frosthörkur að ræða.

Þrátt fyrir jarðklaka og einstakt úrkomuleysi hafa ekki orðið vandræði með vatn hjá fólki nema á tveim bæjum, þar sem vatn fraus í öðru tilfellinu, en þrautí hinu.

Af er nú lagður sá búskaparháttur að mestu, að halda fé til beitar, þótt jörð sé auð og vel viðri, en þó er það gert á fáeinum bæjum. Kjarnfóðurgjöf er með mesta móti í vetur svo sem vænta mátti eftir hraklegt óþurrkasumar, enda eru hey víða létt og léleg að stórum hluta. Af þessum sökum, og raunar fleiri, er róður margra bænda nú í þyngsta lagi fjárhagslega og horfur þeirra uggvænlegar.

Til marks um erfiða lausafjárstöðu bænda, mætti t.d. nefna það, að um síðustu mánaðamót munu skuldir þeirra hér í fimm hreppum sunnan fjalla á Snæfellsnesi við Rafmagnsveitur ríkisins hafa numið um 5 milljónum kr. Lætur nærri að það séu um kr. 8000.00 á hvert mannsbarn er þessar sveitir byggir. Að sjálfsögðu mun verða lokað fyrir rafmagn hjá ýmsum ef ekki verður fljótlega grynnt á þessum skuldum.

Nú er það svo, þrátt fyrir allt, að sumir hafa handbæra peninga og vilja greiða álestrarmanni, rafmagnsmanni samstundis. Draga þeir þá gjarnan upp veski sín eða ávísanahefti, óðfúsir að borga, en þá kemur upp úr dúrnum að álestrarmaðurinn má með engu móti taka við greiðslu og kveður yfirboðara sína hafa lagt blátt bann við þvílíkum viðskiptamáta. Reikninginn verður að greiða í sparisjóði, banka, eða annarri tiltekinni stofnun. Bætist þá ofan á símakostnaður og jafnvel ferðalög, svo nemur tugum og hundruðum kílómetra, til að gera þær ráðstafanir sem að gagni megi verða í þessum efnum. Vill þá sjálfsagt oft ásannast hið fornkveðna— að sá sem ekki vill þegar hann fær, hann fær ekki þegar hann vill — og leggja menn málið í salt um lengri eða skemmri tíma.

Þannig eru þessar umræddu skuldir að nokkru tilkomnar vegna fáránlegs einstrengingsháttar í innheimtukerfi Rarik. En eftir stendur þó aðalástæðan: fjárþröng bænda og e.t.v. fleiri rafmagnsnotenda.

Hitt ber svo að viðurkenna og virða við starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins, að þeir sýna verulega þolinmæði í þessum málum og grípa ekki til lokunaraðgerða fyrr en í síðustu lög.



Umhyggja eftir Jóhannes Kjarval. Þessa mynd málaði hann á jólanótt 1954 eigandi er Alfreð Guðmundsson forstöðumaður Kjarvalsstaða. Tímamynd Gunnar.

Fáséðar Kjarvalsmyndir

SJ-Reykjavík Frá því Kjarvalsstaðir tóku til starfa árið 1973 hafa verið haldnar í húsinu nokkrar sýningar á myndum Jóhannesar S. Kjarvals, enda er eystri salur hússins sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum hans, þótt hann sé stundum notaður til annarra sýninga, sem þá eru venjulega í öllu húsinu.

Í dag er opnuð ný sýning á myndum Kjarvals í myndlistarhúsinu á Miklatúni. Safnað hefur verið saman 51 mynd, sem allar eru í einkaeign, að undanteknum tveim myndum sem eru eign Reykjavíkurborgar. Fæstar þessar myndir hafa áður verið sýndar opinberlega á sýningu.

Elzta myndin á sýningunni er frá 1917 en sú yngsta frá árinu 1968, en það ár fór Kjarval á sjúkrahús og átti þaðan ekki afturkvæmt. Málaði hann ekkert eftir það. Allmiklar eyður eru að vísu í sýningunni, þ.e. ákveðin tímabil vantar, en tilgangurinn er fyrst og fremst að kynna sýnishorn af hinni ótrúlega fjölbreyttu list Kjarvals.

Þessi Kjarvalssýning mun standa fram á haust og flytur Reykjavíkurborg þeim mörgu, beztu þakkir, sem lánað hafa myndir svo langan tíma.

Afmæli Þorsteins Hannessonar

Þau mistök urðu, þegar sagt var frá afmælistónleikum, sem haldnir eru til heiðurs Þorsteini Hannessyni, tónlistarstjóra Ríkisútvarpsins, að afmæli hans væri í dag. Hið rétta er, að það er á sunnudaginn. Tónleikarnir eru aftur á móti í dag.

Vestfirðir:

Einni beztu rækjuvertíðinni að ljúka

gébé Reykjavík — Rækjuveiðum fyrir Vestfjörðum er að mestu lokið, en þessi vertíð er talin ein sú albezta fram til þessa. Rækjan hefur verið mjög góð og yfirleitt var aflinn óvenjulega góður á öllum miðum. Aðeins þrjár rækjuverksmiðjur eru enn við vinnslu, tvær á Ísafirði og ein í Hnífsdal. Aðrar verksmiðjur hafa allar fengið upp í heimilaðan kvóta sinn. Í febrúar stunduðu alls 65 bátar rækjuveiðar á Vestfjörðum og var afli þeirra í mánuðinum 1.111 lest en í fyrra á sama tíma varð afli 63 báta 543 lestir. Þess ber og að gæta, að í fyrra lágu rækjuveiðar niðri við Ísafjarðardjúp eftir miðjan febrúar vegna verkfalls verkafólks

Frá Bíldudal réru tíu bátar í febrúarmánuði og varð afli þeirra 176 lestir, en í fyrra var afli tíu báta aðeins 55 lestir. Aflahæstu bátarnir nú voru Pilot með 21,3 lestir, Vísir 21,1 lest, og Helgi Magnússon með 21,1 lest.

Frá verstöðvunum við Ísafjarðardjúp réru 42 bátar, sem öfluðu samtals 743 lestir, en í fyrra var afli 38 báta til 14. febrúar, 265 lestir. Aflahæstu bátarnir í febrúar 1977 voru: Gullfaxi með 24,9 lestir, Heppinn 23,1 lest, Bryndís 23,0 lestir, Tjaldur 22,0 lestir og Halldór Sigurðsson 21,6 lestir.

Frá Hólmavík og Drangsnesi réru 13 bátar og var afli þeirra 192 lestir en í fyrra var afli 13 báta í febrúar 223 lestir. Allir bátarnir voru nú með 14-15 lestir í mánuðinum.

Þessar aflatölur eru allar fengnar hjá skrifstofu Fiskifélags Íslands á Ísafirði.

Afköst Stórólfsvallaverksmiðjunnar tvöfölduð

Örfoka land á Geitasandi tekið til ræktunar

SJ-Reykjavík — Fest hafa verið kaup á nýjum þurrkara fyrir grasköggla verksmiðjuna að Stórólfsvöllum en við tilkomu hans verður framleiðsla verksmiðjunnar tvöfölduð. Yfir sumarið hafa verið framleidd 1500-1700 tonn af grasköggl um á Stórólfsvöllum, en eftir stækkunina sem væntanlega verður í vor, verður hægt að framleiða um 3000 tonn. Þetta kallar á aukna ræktun. Verksmiðjan hefur á leigu 420 hektara lands hjá Rangárvallasýslu og eru þeir nú fullræktaðir.

Í ráði er að rækta meira land á Geitasandi, sem er fyrir vestan Stórólfsvelli og á milli Rangánna en þangað er stutt að fara og verður þar þá nýtt áður örfoka land. Til þess að nýi þurrkarinn verði fullnýttur þarf 700-800 ha, af ræktuðu landi, og er fyrir sjáanlegt að það verður ekki í sumar.

Að sögn Jóhanns Franssonar, bústjóra að Stórólfsvöllum er nýi þurrkarinn svissneskur og sams konar og þurrkarar í tveim öðrum grasköggla verksmiðjum hér á landi. Hann getur eimað 5 tonn af vatni úr grasi á klst., eða þurrkað 1200 kg af kögglum.

Þegar nýi þurrkarinn kemst í gagnið þarf að bæta við geymsluhúsnæði verksmiðjunnar.

Mikið af vélakosti verksmiðjunnar nýtist áfram eftir þessa breytingu. M.a. er feiti, steinefnum og mjöltegundum blandað í kögglana í sérstakri vél. Gerðar hafa verið tilraunir með blöndun slíkra efna í þá. Sú blanda sem virðist gefa bezta raun, er að bæta í kögglana 2% feiti og 2% fóðursalti. Slíkir kögglar hafa gefið mjög góða raun í fóðurtilraunum. Það hefur vakið undrun, að fóðurgildið virðist vaxa við þessa blöndun þannig að kögglarnir virðast vera jafngildi kjarnfóðurs við mjólkurframleiðslu. Þetta hafa margir bændur fundið á undanförnum árum. Hvert kílógramm af grasköggl um gefur eina fóðureiningu með öðru fóðri. Þarna gerist einhver samverkun þannig að nýtingin á heildarfóðrinu verður betri en búizt var við. Þetta hefur enn ekki verið mælt í tölum. Hins vegar liggja nú fyrir nokkuð margar fóðrunartilraunir sem benda allar í svipaða átt. Það má segja að einungis vanti opinberan stimpil á þessar niðurstöður.

Grasköggla verksmiðjan að Stórólfsvöllum selur framleiðsluna einkum til bænda á Suðurlandi, bæði beint og í gegnum búnaðarfélög, verzlanir og kaupfélög. Einnig er nokkuð selt norður til Skagafjarðar og í Húnavatnssýslu.

Verð á grasköggl um er 43.000 kr tonnið 1. flokkur í smásölu beint til bænda En heildsöluverðið er 40.000 kr..

Framleiðendur grasköggla eiga í samkeppni við innfluttar fóðurblöndur en í mörgum tilfellum verða bændur að gera upp við sig hvort þeir vilja heldur grasköggla eða kjarnfóður.

Samkeppnisaðstaðan er nokkuð erfið. Þar kemur margt til. Erlendar fóðurvörur hafa ekki lengi verið jafn ódýrar og nú, en þar kemur m.a. til mikil framleiðsla og það að fóðurvörur frá aðildarlöndum Efnahagsbandalagsins eru niðurgreiddar. Fóðurvörur eru fluttar inn til landsins án þess að greiddir séu af þeim tollar og söluskattur.

Þessi gjöld eru hins vegar greidd af vélum og rekstarvörum grasköggla verksmiðjanna og sumar vélanna sem til framleiðslunnar þarf, kosta tvöfalt sif verðið þegar þær eru komnar á áfangastað.

Af rekstrarvörum er orkan einna stærsti liðurinn eins og nærri má geta þegar þarf að eima vatn úr grasi, pressa það og mala.

Grasköggla verksmiðjan að Stórólfsvöllum notar bæði svartolíu og rafmagn. Möguleikar eru á að rafmagnsnotkun verði aukin ef raforka fæst á hagkvæmu verði og hægt verður að ráða við fjárfestingar sem því fylgir. Gæti þá raforka leyst svartolíuna af hólmi að mestu leyti.

Samband íslenzkra samvinnufélaga stofnaði grasköggla verksmiðjuna að Stórólfsvöllum um 1960 síðar tók Landnám ríkisins við rekstrinum. Þrír fastir starfsmenn vinna þar nú en á sumrin fleiri, og þegar vinnslan stendur yfir hafa starfsmenn verið 11-12 en verða 13-14 í sumar.

Fimm grasköggla verksmiðjur eru á landinu, þar af ein í einkaeign að Brautarholti á Kjalarnesi. Hinar eru auk þeirrar að Stórólfsvöllum í Gunnarsholti, Flatey í Mýrarhreppi A-Skaft. og í Ólafsdal. Afkastamest er nú verksmiðjan í Gunnarsholti, en þurrkarinn þar er jafnafkastamikill og þurrkarinn á Flatey og nýi þurrkarinn á Stórólfsvöllum verður. Gunnarsholt ræður hins vegar yfir mestu ræktuðu landi.